

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/103
komudagur 17.11.2008

Skrifstofa bankastjóra

Reykjavík 14. nóvember 2008


Viðskiptanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

NBI hf. vísar til spurninga þingmanna Viðskiptanefndar Alþingis, sem lagðar voru fyrir bankastjóra og bankaráðsformann NBI hf., á fundi nefndarinnar þann 14. nóvember, varðandi slit peningamarkaðssjóða Landsbankans.

Í ljósi þess að spurningar nefndarinnar beindust hvort tveggja að rekstrarfélaginu Landsvaka hf. og NBI hf. vær óskað upplýsinga frá Landsvaka hf. Svör NBI hf. annars vegar og Landsvaka hf. hins vegar fylgja bréfi þessu.

Virðingarfyllst,

F.h. NBI hf.


S. Elín Sigfúsdóttir
bankastjóri

Svar Landsbankans í framhaldi af fundi viðskiptanefndar 14. Nóvember 2008

NBI. hf.

NBI hf. er starfræktur á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Bankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki skv. 4. gr. laganna. Bankinn var stofnaður þann 7. október s.l. á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Nýi bankinn sem upphaflega bar nafnið Nýi Landsbanki Íslands hf., en heitir nú NBI hf. er í því ferli að taka yfir starfsemi Landsbanka Íslands hf. í samræmi við ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins sem birtar hafa verið á grundvelli fyrrnefndra laga. Þá hefur vörumerkið Landsbankinn verið fært til NBI hf. og mun hann starfa undir því nafni.

Eftirlit FME

Samkvæmt XIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með því að starfsemi fjármálafyrirtækja sé í samræmi við lög og reglugerðir. Til að sinna því eftirliti hefur Fjármálaeftirlitið aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum sem lögin taka til og það telur nauðsynlegt að fá. Um eftirlit með fjármálafyrirtækjum gilda einnig lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Annað eftirlit

Auk eftirlits Fjármálaeftirlitsins starfrækir NBI hf. innri endurskoðunardeild í samræmi við ákvæði laga og heyrir sú deild beint undir bankaráð. Einnig ber Ríkisendurskoðun ábyrgð á ytri endurskoðun félagsins lögum samkvæmt. Auk þess er starfrækt sérstök deild, Áhættustýring, sem heyrir beint undir bankastjóra sem hefur eftirlit með heildaráhættu bankans þar með talið áhættu sem tengist verðbréfavíðskiptum og útlánastarfsemi.

Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja

Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja til þriðja aðila er ýmsum takmörkunum háð. Samkvæmt 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki hvílir rík þagnarskylda á stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum, endurskoðendum, starfsmönnum og hverjum þeim sem vinna verk í þágu fjármálafyrirtækis. Af starfsemi fjármálafyrirtækja leiðir að mikilvægt er að uppfylla allar kröfur um trúnað gagnvart viðskiptamönnum til hins ítrasta. Þannig geta fyrirtæki í samkeppnisrekstri ekki gert upplýsingar um stöðu viðskiptamanna sinna opinberar.

Tengsl við sjóði Landsvaka hf.

Landsbanki Íslands hf. og síðar NBI hf. hefur verið aðaleigandi Landsvaka hf., sem er sjálfstætt fjármálafyrirtæki, og hefur sjálfstæða stjórn. Landsvaki er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsbanki Íslands hf. og síðar NBI hf. hafa verið með samning við Landsvaka hf. m.a. um þjónustu á milli félaganna. Samkvæmt þeim samningi var og er Landsbankinn aðal söluaðili hlutdeildarskírteina sjóða Landsvaka hf. Landsvaki hf. rekur ekki sjálfstæða sölustarfsemi hlutdeildarskírteina heldur byggir á samningi við önnur fjármálafyrirtæki. Afgerandi stærsti hluti hlutdeildarskírteina Landsvaka hf. var seldur af Landsbankanum, til viðskiptavina bankans.

Slit sjóðanna og mat á eignum

Ákvörðun um slit og uppgjör á eignum peningamarkaðssjóða Landsvaka hf. var tekin af stjórn Landsvaka í kjölfar tilmæla Fjármálaeftirlitsins, dags. 17. október 2008. NBI hf. keypti hluta eigna sjóðanna og greiddi fyrir með reiðufé. Greiðslan var framkvæmd með því að leggja andvirði hlutar hvers og eins viðskiptavinar inn á sérstakan innlánsreikning hjá bankanum. Viðskiptin voru gerð á grundvelli samninga á milli NBI hf. og Landsvaka hf. f.h. peningamarkaðssjóðanna. KPMG var fengið til að leggja mat á virði fyrirtækjaskuldabréfa sjóðanna. Mat þeirra var sett fram sem verðbil og var kaupverðið í öllum tilvikum á því verðbili. Í einhverjum tilvikum var verðið í efri kanti verðbilisins og í öðrum í neðri kantinum. Af hálfu NBI hf. kom útlánaeftirlit bankans að málinu og setti fram sjálfstæða skoðun á virði skuldabréfanna. Þá var einnig stuðst við þá metnu afskrift skuldabréfa bankanna sem var í umræðu á þeim tíma. Niðurstaðan byggðist þannig á mati þessara aðila og niðurstöðum af viðræðum milli NBI hf. og Landsvaka hf. Stjórn NBI hf. samþykkti viðskiptin fyrir hönd NBI hf. og stjórn Landsvaka fyrir hönd Landsvaka hf.

Niðurlag

Frekari upplýsingagjöf umfram það sem er lögboðið er takmörkunum háð. Starfsheimildir fjármálafyrirtækja til að veita fjármálaþjónustu byggja á þeirri meginforsendu að eftirlitsaðilar sjái til þess að fjármálafyrirtæki ræki lögbundnar skyldur sínar og að rekstur þeirra og starfsemi sé innan

lögboðinna marka. Í tíviki viðskiptabanka er það hlutverk eftirlitsaðila að gæta þess að rekstur þeirra sé í samræmi við lög og reglur. Til að standa vörð um hegsmuni viðskiptavina, viðhalda reglubundnu eftirliti, nýta sérfræðipokkingu og vernda trúnaðsupplýsingar í samkeppnisrekstri fer einn opinber eftirlitsaðili með eftirlit með fjármálafyrirtækjum. Slíkt fyrirkomulag leggur grunn að því að hægt sé að veita þá fjármálaþjónustu sem veitt er hér á landi. Mikilvægt er að þeirri skipan sé viðhaldið.

Til bankastjóra
Minnisblað vegna viðskipta með verðbréf peningamarkaðssjóða
Dags. 14/11 08

Sjóðir Landsvaka

Sjóðir Landsvaka eru starfræktir á grundvelli laga nr. 30/2003, um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði. Um þrjár tegundir sjóða getur verið að ræða þ.e. verðbréfasjóði, sem eru sjóðir með starfsleyfi á EES-svæðinu, fjárfestingarsjóði, sem hafa starfsleyfi án heimildar til markaðssetningar á EES-svæðinu og að lokum sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem veita ekki viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestingsjóðir).

Eftirlit FME með sjóðum

Samkvæmt 66. gr. verðbréfasjóðalaganna hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með því að starfsemi verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja sé í samræmi við lög og reglugerðir. Til að sinna því eftirliti hefur Fjármálaeftirlitið aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum sem lögin taka til og það telur nauðsynleg að fá. Um eftirlitið með sjóðunum gilda einnig lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Innra og ytra eftirlit

Landsvaki hf. er undir innra eftirliti sjálfstæðrar eftirlitsdeildar auk innri endurskoðunar Innri endurskoðunardeildar Landsbankans í samræmi við samning þar um. Þar til viðbótar sjá ytri endurskoðendur Landsvaka hf., PricewaterhouseCoopers, um endurskoðun félagsins og hafa í samræmi við skyldur sínar verið með reglubundið eftirlit á starfsemi félagsins.

Upplýsingagjöf sjóða

Í III. kafla verðbréfasjóðalaganna eru ítarleg ákvæði um upplýsingagjöf verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Samkvæmt 46. gr. laganna skal sérgreina í ársreikningi og árschlutauppgjörum rekstrarfélags upplýsingar um sjóðina eða sérhverja deild þeirra, en í reglugerð nr. 97/2004 um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða eru nánari ákvæði um framsetningu þessara upplýsinga. Samkvæmt fylgiskjali með reglugerðinni skulu eignir sundurliðaðar eftir tegundum fjármálagerna. Skv. 19. gr. sömu reglugerðar skulu viðskiptamenn verðbréfasjóðs hafa aðgang að ársskýrslunum. Þá er rekstrarfélögum skylt að senda Fjármálaeftirlitinu ársfjórðungslega efnahagsyfirlit verðbréfasjóða í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður. Ársreikningar Landsvaka hf. fyrir síðustu fjögur rekstrarár ásamt 6 mánaða uppgjöri félagsins fyrir 2008 er að finna á vefsvæði Landsvaka, <http://www.landsbanki.is/index.aspx?groupid=534>

Samkvæmt 47. gr. verðbréfasjóðalaganna skal rekstrarfélag gefa út útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu fyrir verðbréfasjóði. Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í viðkomandi verðbréfasjóði. Í útdrætti úr útboðslýsingu skal draga fram meginatriði útboðslýsingar. Nánar er kveðið á um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum vegna verðbréfasjóða í reglugerð nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Reglur, útboðslýsingar og útdrættir úr útboðslýsingum auk annarra upplýsinga um sjóði Landsvaka hf. hafa verið fjárfestum aðgengileg á vefsvæði Landsbankans.

Slit sjóðanna og mat á eignum

Ákvörðun um slit og uppgjör á eignum peningamarkaðssjóða Landsvaka hf. í október sl. var tekin af stjórn Landsvaka í kjölfar tilmæla Fjármálaeftirlitsins, dags. 17. október 2008. Eignir sjóðanna voru að miklu leyti seldar til NBI hf.. Viðskiptin voru gerð á grunni álits frá KPMG á virði fyrirtækjaskuldabréfa sjóðanna. Þeir gáfu sitt mat á verðbili og var kaupverðið í öllum tilvikum á því verðbili. Í einhverjum tilvikum var verðið í efri kanti verðbilsins og í öðrum í neðri kantinum. Innra eftirlit og ytri endurskoðendur Landsvaka hf. komu að uppgjöri og slitum sjóðanna.

Við mat á skuldabréfum viðskiptabankanna var m.a. stuðst við mat opinberra aðila á verðmæti þeirra. Þá var einnig stuðst við þá metnu afskrift skuldabréfa bankanna sem var í umræðu á þeim tíma. Að

lokum reyndist einnig að hluta mögulegt að skuldajafna skuldabréfum Landsbankans gagnvart skuld við Landsbanka Íslands hf.


Innlausnir

Allar innlausnir í sjóðum Landsvaka hf. hafa farið fram í samræmi við lög og reglur sjóðanna. Þá eru óháðir ytri endurskoðendur að yfirfara öll viðskipti með hlutdeildarskírteini sjóðanna.

Niðurlag

Landsvaki hf. hefur uppfyllt öll ákvæði laga um starfsemi og rekstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Þar á meðal hefur félagið veitt viðskiptamönnum og fjárfestum allar þær upplýsingar sem lögboðið er að veita. Frekari upplýsingagjöf er hins vegar takmörkunum háð. Starfsheimildir fjármálafyrirtækja til að veita fjármálaþjónustu byggja á þeirri meginforsendu að eftirlitsaðilar sjái til þess að fjármálafyrirtæki ræki lögbundnar skyldur sínar og að rekstur þeirra og starfsemi sé innan lögboðinna marka. Í tilviki rekstrarfélaga er eitt hlutverk eftirlitsaðila að gæta þess að rekstur sjóða sé í samræmi við útboðslýsingar og reglur. Til að standa vörð um hagsmuni fjárfesta, viðhalda reglubundnu eftirliti, nýta sérfræðipækkingu og vernda trúnaðaupplýsingar í samkeppnisrekstri fer einn opinber eftirlitsaðili með eftirlit með fjármálafyrirtækjum. Slíkt fyrirkomulag leggur grunn að því að hægt sé að veita þá fjármálaþjónustu sem veitt er hér á landi. Mikilvægt er að þeirri skipan sé viðhaldið.

F.h. Landsvaka hf.



Sigurður Ó. Hákonarson
Framkvæmdastjóri